

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

BEKKJARNÁMSKRÁ 2. BEKKJAR



Skólaárið 2016 - 2017

Umsjónarkennarar: 2. KB – Katrín Björnsdóttir

2. ML María Lárusdóttir

Stuðningsfulltrúar: Jóna Björk Brynjarsdóttir

Sérkennari: Agnes Karlsdóttir

**Námstilhögun og
kennsluaðstæður:**

Í árganginum eru 32 nemendur í tveimur bekkjardeildum.
Kennsla fer fram í stofum 107 og 108.

Námsmat: Námsseinkunn gefin í bókstöfum fyrir öll fög.

Námsgreinar

ÍSLENSKA

Lestur:

- Markmið:** Að nemendur geti lesið létt lestrarefni sér til ánægju og fróðleiks.
Að nemendur auki orðaforða sinn og lesskilning.
Að nemendur lesi a.m.k. 110 atkv. á mínútu í lok skólaársins.
- Námsefni:** Ýmsar sögubækur og verkefni unnin út frá þeim. Ritrún, Lestrarlandið og aðrar vinnubækur við hæfi ásamt ljósrituðu efni Lestrarbækur eftir getu hvers og eins.
- Námstilhögun:** Unnið er samkvæmt lestraraðferðinni Byrjendalæsi. Unnið er með eina sögubók í einu sem kennari les í upphafi viku og svo eru unnin verkefni út frá þeirri bók alla vikuna eða jafnvel lengur. Byrjendalæsi er einnig samþætt við náttúrufræði og samfélagsfræði og þá unnið út frá kennslubók í stað sögubóka. Upprifjun á stöfum er fléttað inn í ritunarkennslu. Einnig lesa nemendur hjá bekkjarkennurum, ýmist í lestrarbókum eða annað efni.
- Heimavinna:** Nemendur lesa heima a.m.k. 5 sinnum í viku 15 mínútur í senn.
Heimanám stærðfræði og íslenska.
- Námsmat:** Hraðlestrarpróf verða 3 á skólaárinu. Læsi, lesskilningspróf er tekið í nóvember og apríl og sent í HA til úrlausnar. Einnig eru próf í Leið til læsis tekin tvisvar yfir veturinn.
Lesskilningspróf verður á annarprófi í janúar og á vorönn í maí.

Skrift:

- Markmið:** Að nemendur haldi rétt á skriffærum og geti dregið rétt til stafs.
- Námstilhögun:** Nemendur vinna Skrift 2 og 3 og ýmsar krot- og skriftaræfingar.
Sjáum til með ítálúskrift eftir áramót.
- Námsmat:** Próf í janúar og maí. Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn.

Ritun:

- Markmið:** Að nemendur geti tjáð sig skriflega á einföldu máli.
Að nemendur noti upphafsstafi og litla stafi á réttan hátt, hafi bil á milli orða, skrifi í aðra hvora línu og endi setningu á punkti.
Að nemendur þjálfist í að skrifa samkvæmt eigin hljóðgreiningu.
- Námsefni:** Ritrún 1 og ýmis verkefni.
- Námstilhögun:** Ýmis ritunarefni í tengslum við námsefnið.

Ljóð:

- Markmið:** Að auka orðaforða nemenda, efla málskilning og örva málnotkun þeirra.
Að nemendur læri ýmis ljóð og þulur.
- Námstilhögun:** Nemendur læra ýmis ljóð, syngja þau, skrifa og/eða skreyta.
Einnig semja nemendur sjálfir ljóð.
- Námsmat:** Ekkert formlegt námsmat.

STÆRÐFRÆÐI

- Markmið:** Að nemendur geti notað stærðfræði í daglegu lífi.
Að nemendur læri að beita reikningsaðgerðunum samlagningu og frádrætti.
Að nemendur kunni að setja upp dæmi rétt og snyrtilega.
Að nemendur kunni að framkvæma einfaldar mælingar.
Að nemendur þekki hugtökin flatarmál, speglun og spegilás, formin ferningur, réttthyrningur, hringur, þríhyrningur og sívalningur. Einnig að þekkja þessi hugtök í þrívídd.
Að nemendur þekki stærðfræðitákni, +, -, =, ·, /, < og >.
Að nemendur geti lesið og sett inn í einfaldar töflur og túlkað niðurstöður þeirra.
Að nemendur geri sér grein fyrir að stærðfræðihugtök tengjast.
- Námsefni:** Sproti 2a og 2b, Tíu- tuttugu, Í undirdjúpunum og ýmis ljósrit.
- Námsmat:** Safneinkunn sem samanstendur af prófum í lok hvorrar annar og kaflaprófum í Sprotabókum.

SAMFÉLAGSFRÆÐI/LÍFSLEIKNI

- Markmið:** Að styrkja sjálfsmynd nemenda.
Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og eigið hlutverk og annarra í samfélaginu.
Að nemendur fái innsýn í lifnaðarhætti fyrri kynslóða.
- Námsefni:** Komdu og skoðuðu land og þjóð, Ísland áður fyrr, fjölskyldan og heimilið. Þessar bækur eru notaðar til samþættingar við byrjendalæsi í íslensku. Einnig unnið samkvæmt Uppbyggingarstefnunni. Bekkjafundur Ýmsar barnabækur nýttar til að vinna með lífsleikni.
- Námsmat:** Samþætt með byrjendalæsi í íslensku.

NÁTTÚRUFRAEÐI

- Markmið:** Að nemendur öðlist áhuga og skilning á umhverfi sínu og náttúru og þjálfist í margskonar vinnubrögðum.
- Viðfangsefni:** Vettvangsferðir, ljós, skuggi, litir, líkaminn, veður, eiginleikar efna, fuglar, eldstöðvar.
- Námsefni:** Komdu og skoðuðu fjöllin, Komdu og skoðuðu líkamann og Könguló. Myndir af netinu, fræðibækur, úrklippubækur nýttar og ýmis verkefni útbúin af kennurum.
- Námstilhögun:** Unnin ýmis verkefni samþætt við byrjendalæsi í íslensku. Gerðar verða tilraunir, farið í vettvangsferðir, unnið í hópum o.fl.
- Námsmat:** Samþætt með byrjendalæsi í íslensku.

TÓNMENT

- Markmið:** Að nemendur nái tókum á grunnhugtökum tónlistarinnar (*t.d. sterkt/veikt*).
Að nemendur kynnist hryn- og hreyfileikjum í gegnum tónlist.
Að nemendur geti flutt einföld tón- og hrynmynstur með búkslætti og skólahljóðfæri.
- Námstilhögun:** Hlustun og greining.
Nemendur læra sönglög, þulur og leika á skólahljóðfæri, samþætt við byrjendalæsi.
- Samsöngur.**
- Námsefni:** Ýmis verkefni útbúin af kennara. Ýmis sönghefti. Ljóðsprotar.
- Námsmat:** Samþætt við byrjendalæsi.

TEXTÍL- OG TÆKNIMENNT

- Kennarar:** María Lárusdóttir kennir tæknimennt, Fríða Rúnarsdóttir kennir textílmennt.
- Markmið:** Að kynna fyrir nemendum ólík vinnubrögð með margvíslegum efnivið.
Að efla hugmyndaflug og sköpunargleði nemenda.
Að þjálf hug og hönd.
Að nemendur temji sér góð vinnubrögð og vandaðan frágang.
- Námsefni:** Margskonar vinna með: efni, garn, steina, skeljar, pappír, lím, tré, málningu o.þ.h.
- Námsmat:** Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum.

HEIMILISFRÆÐI

- Kennari:** Eva Friðþjófsdóttir.
- Markmið:** Að nemendur:
- Læri hvers vegna fæðutegundum er raðað í fæðuhring
- Þekki einföld áhöld og geti notað þau
- Geri sér grein fyrir hvers vegna og hvenær hendur eru þvegnar
- Geri sér grein fyrir hvers vegna góð tannhirða er mikilvæg
- Námshöggun:** Heimilisfræði er partur af Hringekju. Nemendur fara í heimilisfræði 4 kennslustundir í viku. Veturinn skiptist milli, heimilisfræði, tæknimennt og textílmennt.
- Námsmat:** Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum.

MYNDMENNT

- Kennari:** Katrín Björnsdóttir og María Lárusdóttir.
- Markmið:** Að nemendur þekki 6-litahringinn og hugtökin lína og áferð.
Að nemendur þjálfist í að nota ýmskonar liti og efni til að búa til myndir og önnur verkefni.
Að nemendur geti nýtt sér ofangreinda þekkingu til ýmissa tilrauna og tjáningar í eigin verkum.
- Námsefni:** Unnið með vatnsliti, trélitu, klessuliti, þekjuliti o.fl. Myndverk unnin úr ýmsum efnum.
- Námsmat:** Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum.

UPPLÝSINGATÆKNI

- Kennari:** Katrín Björnsdóttir og María Lárusdóttir.
- Markmið:** Að nemendur læri umgengisreglur í tölvustofu og á bókasafni.
Að auka þekkingu nemenda á tölvum og grunn forritum eins og Word og skrifi stuttar sögur og skreyti.
Að nemendur geti nýtt sér kennsluforrit og efni á neti sem hæfir aldri.
Að nemendur þjálfist í að nota lyklaborðið á réttan hátt og temji sér rétta líkamsbeitingu við innslátt á texta.
- Námstilhöggun:** Nemendur vinna ýmis verkefni í tölvum.
- Námsmat:** Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum.

ÍPRÓTTIR

- Kennarar:** Árni Heiðar Ívarsson og Guðný Stefanía Stefánsdóttir kenna leikfimi. Atli Freyr Rúnarsson kennir sund
- Markmið:** Að stuðla að almennum hreyfiþroska, efla samvinnu og hæfileika til tjáningar og sköpunar.
- Kennsla:** Í leikfimi eru 2 kennslustundir á viku og 1 kennslustund í sundi á viku. Kennslan fer fram í íþróttahúsinu við Austurveg.
- Námsmat:** Vinnubrögð og vandvirkni metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum.

DANS

- Kennari:** Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir.
- Markmið:** Að nemendur:
- Hlusti á tónlist með mismunandi tónfalli, greini einn slátt og hvað margir slættir eru í takti
 - Viti hvenær og á hvaða slætti í tónlistinni á að hefja dansinn
 - þekki hugtökin hægri, vinstri, fram, aftur, hliðar og hvernig á að beita hæl og tá
 - Kunni að bjóði upp í dans
 - Kunni skil á góðum samskiptum við gagnstætt kyn
 - Læri grunnsþor í ýmsum dönsum
- Námstögn:** Geisladiskar, dvd diskar og you tub myndbönd
- Námsmat:** Vinnubrögð eru metin allan veturinn. Einkunn gefin í bókstöfum

FÉLAGSLÍF

Báðir bekkir eru ásamt 9. bekk á aðventustund fyrir jól, þar er kveikt á aðventukrans, lesin saga og sungin jólalög.

Bekkjarskemmtanir verða tvisvar í vetur, ein fyrir áramót hin eftir áramót. Þær eru haldnar á skólatíma og allir skemmta sér saman.

Nemendur í 2. bekk taka þátt í hefðbundnu félagslífi skólans skv. skóladagatali.

FORELDRASAMSTARF

Foreldraviðtöl í upphafi skólaárs.

Foreldradagar: Haldnir **9. nóvember og 9. febrúar**. Einkaviðtöl foreldra, nemenda og kennara. Á hverjum föstudegi verður vikuaætlun birt á mentor.is . Þeir sem ekki hafa netaðgang geta haft samband við kennara og fá útprentað eintak. Í vikuaætlun koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar og skilaboð til foreldra. Kennarar hafa ekki fasta símatíma, auðvelt er að ná tali af þeim í skólanum síðdegis, einnig er hægt að skilja eftir skilaboð eða senda tölvupóst til kennara.

Katrín Björnsdóttir kartinbj@isafjordur.is

María Lárusdóttir marial@isafjordur.is

Einnig skal það ítrekað að foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann, hvort heldur er á skemmtanir eða í heimsókn á venjulegum skóladegi. Foreldrum er bent á að þeir eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða vitni að í skólastofunni.

Kosnir verða tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk, sem verða einhverskonar tengiliðir milli skólans og foreldra. Símanúmer skólans er: 450-8300.

Skólinn hefur heimasíðu á www.grisa.isafjordur.is